

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknarflokksins

Reykjavík, 9. febrúar 2026

SFS26020044

## TILLAGA

### Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um húsnæði fyrir leikskólann Vinagerði

Framsókn leggur til að skóla- og frístundasviði verði falið í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið að finna bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskólann Vinagerði vegna fyrirhugaðrar lokunar leikskólans. Sviðin kanni einnig fýsileika þess að koma upp færanlegum einingum fyrir leikskólann við leik- eða grunnskólalóð í hverfinu. Markmiðið er að tryggja samfellda skólagöngu leikskólabarna sem stunda nám í Vinagerði.